



Fundargerð

Ársfundur 30. apríl 2019

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2019 kl. 14:00 að í Ráðhúsi Akureyrarbæjar, Geislagötu 9. Dan Brynjarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Einari Ingimundarsyni sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmaður. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Dan fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2018. Í ræðu hans kom fram að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu eins og undanfarin ár. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og ætti að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok 2018.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 12.013 milljónum króna og hækkaði um 0,3% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 3,9% og hrein raunávöxtun 0,7% samanborið við 5,2% nafnávöxtun og 3,4% raunávöxtun á árinu 2017.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldapróun, gerði grein fyrir sérstakri inngreiðslu frá Akureyrarbæ og ríkinu, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslum og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast. Engar fyrirspurnir komu varðandi ársreikninginn og var hann borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir tryggingafræðilega athugun sem unnin var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi og forsendur hennar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 42,6%. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 7.917 milljónir króna.

4. Kynning á fjárfestingarstefnu

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun síðasta árs. Hann ræddi m.a. fjárfestingaumhverfi sjóðsins og ræddi ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

5. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar.

Aðalmenn:

Dan Jens Brynjarsson,
Gunnar Gíslason,
Halla Björk Reynisdóttir,
Arna Jakobína Björnsdóttir,
Hanna Rósa Sveinsdóttir.

Varamenn:

Eva Hrund Einarsdóttir,
Árni Egilsson,

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að ytri endurskoðandi sjóðsins verði sá sami og endurskoðandi Akureyrarbæjar, þ.e. endurskoðunarfyrtækið ENOR. **Tillagan var samþykkt samhljóða**

7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu um að stjórnarlaun yrðu samræmd að nokkru við ráðslaun hjá Akureyrarbæ. Tillagan er þess efnis að formaður stjórnar fái 8% af viðmiðunarfjárhæð og aðrir stjórnarmenn 4% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern setinn fund. Jafnframt er lagt til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái 4% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern setinn fund. Í fjárhæðum þýðir þetta eftirfarandi:

- Formaður stjórnar: 87.434 kr. fyrir hvern setinn fund
- Aðalmaður í stjórn: 43.717 kr. fyrir hvern setinn fund
- Varamaður í stjórn: 43.717 kr. fyrir hvern setinn fund
- Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 43.717 kr. fyrir hvern setinn fund

Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Breytingar á samþykktum

Lögð var fram tillaga að breytingum á 4. grein samþykktu sem ætlað er að auka sveigjanleika við val á stjórnarmönnum. Felst tillagan í því að fella burt skilyrði um að fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórn þurfi að vera bæjarfulltrúar og að fulltrúar Kjalar þurfi að vera sjóðfélagar. Stjórn telur eðlilegra að tilnefningaraðilar geti tilnefnt hver þann fulltrúa sem í stjórn sem þeir treysta til starfa og uppfyllir lögbundin hæfisskilyrði.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf á starfsárinu og á fundinum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14:50

Fundarstjóri

Fundarritari

Dan Jens Brynjarsson

Einar Ingimundarson